

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 11. mars 2015
UST201502-584/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi innan fólkvangsins að Hliði á Álftanesi.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Náttúruminjar

Í greinargerð tillögunnar segir að fjörur og opin svæði á deiliskipulagstillögusvæðinu séu náttúruvernduð. Umhverfisstofnun bendir á að allt nesið er friðlýst sem fólkvangur frá árinu 2002. Stærð fólkvangsins er 39,6 ha. Í stjórnartíðindum B, 549/2002 er auglýsing um friðlýsingu Hliðs, sem fólkvangs. Þar kemur eftirfarandi fram: „ Að tillögu Umhverfisstofnunar og samkvæmt samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hliðs á Álftanesi sem fólkvang í samræmi við 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og því ákjósanlegt til útikennslu.“

Mörk svæðisins eru sýnd með hnitum sjá nánar upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Í auglýsingunni koma einnig fram reglur er gilda um fólkvanginn, sem eru eftirfarandi:

1. Almennings er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengi gætt.
2. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og Umhverfisstofnunar.
3. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og Siglingastofnunar Íslands er heimil.
4. Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvangnum eru óheimilar svo og meðferð skotvopna.
5. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
6. Umferð vélknúinna farartækja er aðeins heimiluð á skipulagðri götu og vegslóða innan fólkvangsins. Einnig meðfram sjávarkambi vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins, svo sem vegna 3. tl.
7. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvangnum. Losun jarðefna til byggingar og viðhalds sjóvarnargarða sbr. 3. tl. er heimil.
8. Efnistaka á sjávarbotni innan netlaga er óheimil nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og Umhverfisstofnunar.

9. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps mun, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Tillaga að deiliskipulagi

Fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að áætlað er að lóð sem staðsett er innan fólkvangsins stækki í 3.300 m². Ekki kemur fram á gildandi deiliskipulagi hve stór lóðin er í dag. Í dag eru á lóðinni hús með burstabæjarformi (íbúðarhús), veitingahús, bátaskýli sem nýta á sem gistirými og þurrkhjallur.


Í tillögu að breyttu deiliskipulagi kemur fram að áætlað er að reisa 14 gistieiningar með samanlagðan gólflöt 420 m². Einnig er áætlað að stækka veitingastað um 80,5 m² og bifreiðageymslu alls 37 m². Áætluð stækkun er því 540 m².

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt reglum er gilda um fólkvanginn þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum á svæðinu.


Ásýnd og staðarandi svæðisins

Umhverfisstofnun telur að stækkun veitingastaðar og bygging bifreiðageymslu á lóðinni geti farið vel með þeim byggingum sem eru til staðar í dag, en ítrekar að sækja þarf um leyfi (sjá á heimasíðu stofnunarinnar rafræn umsóknareyðublöð) hjá Umhverfisstofnun fyrir framkvæmdum. Umhverfisstofnun bendir á að í dag hafa byggingar innan fólkvangsins svipaða ásýnd og búsetulandslag í Garðahverfi. Að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að sú ásýnd á svæðinu haldist.

Að mati Umhverfisstofnunar falla áætlanir um gistirými sem líkjast gámaeiningum ekki að ásýnd og staðaranda svæðisins. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að ásýnd og búsetulandslag haldi sér, því telur stofnunin æskilegt að áætlanir um gistirými verði endurskoðaðar.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri